

Ed. 582. Frumvarp til laga [364. mál]

um breytingu á lögum nr. 53 28. maí 1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd laganna og er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt gildandi lögum um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar er framkvæmd laga þessara skipt þannig að iðnaðarráðherra fer með framkvæmd III. kafla laganna um orkusparnað og IV. kafla um nýtingu innlendra orkugjafa en framkvæmd II. kafla um olústyrk er í höndum viðskiptaráðherra. Þegar lögin um greiðslu olústyrks voru fyrst sett 1974, sbr. lög nr. 47/1974, var litið svo á að um verðlagsmál væri að ræða og var framkvæmd laganna því í viðskiptaráðuneytinu og hefur svo verið síðan að því er snertir olústyrkinn.

Samkomulag hefur orðið um að færa framkvæmd þessara mála alfarið til iðnaðarráðherra og felur frumvarp þetta í sér lögfestingu á því samkomulagi. Verði frumvarp þetta að lögum færast mál er varða greiðslu olústyrkja til iðnaðarráðuneytis og með því verður framkvæmd þessa málaflokks á einni hendi. Eðlilegt þykir að fela iðnaðarráðuneytinu að sjá um greiðslu olústyrkja, m. a. með tilliti til þess að leggja verður áherslu á að menn skipti sem mest yfir á rafhitun í stað olúhitunar en iðnaðarráðuneytið hefur besta yfirsýn yfir möguleika á rafhitun í hinum ýmsu héruðum landsins. Í þessu sambandi má geta þess að olústyrkir voru í fyrstu um 95 000 talsins en nú eru þeir rúmlega 10 000.